

Sp.

92. Fyrirspurnir.

[90. mál]

I. Til forsætisráðherra um framkvæmd fræðslu um vöruvöndun í íslenskri framleiðslu.

Frá Eiði Guðnasyni.

Hvernig hyggst ríkisstjórnin framkvæma þá yfirlýstu stefnu sína frá 21. ágúst s. l., að „á næstu mánuðum verði efnt til stóraukinnar fræðslu um gæði og vöruvöndun í íslenskri framleiðslu“?

II. Til dómsmálaráðherra um endurskoðun á reglugerð um ökukennslu.

Frá Vilmundi Gylfasyni.

Hvað líður störfum starfshóps um endurskoðun á reglugerð um ökukennslu og próf ökumanna sem skipaður var haustið 1979?

III. Til menntamálaráðherra um val á listaverkum á sýningar erlendis.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Með hvaða hætti hafa þeir myndlistarmenn verið valdir sem gefinn hefur verið kostur á að senda verk á þær myndlistarsýningar erlendis sem íslenska ríkið stendur að árin 1979, 1980, 1981 og 1982?
2. Hafa samtök myndlistarmanna verið höfð í ráðum í því sambandi?
3. Með hvaða hætti eru þau verk valin sem keypt eru í Listasafn Íslands?